

Nd. 28. Frumvarp til laga [28. mál]

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Benedikt Gröndal, Þórarinn Þórarinsson,
Lúðvík Jósefsson, Jón Skaftason.

1. gr.

1. másl. 2. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:
Til þess að prófa kjörbréf og kosningu nýkosinna þingmanna og varaþingmanna eftir hverjar alþingiskosningar ganga þingmenn eftir hlutkesti í 3 jafnar deildir, meðan til vinnst.

2. gr.

2.—3. másl. 1. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:
En kosning til efri deildar er fyrir allt kjörtímabilið. Svo er og um nefndarkosningu þá, er talað er um í 4. gr.

3. gr.

9. gr. laganna orðist svo:
Nú losnar sæti efri deildar þingmanns og varamaður tekur sæti á þingi í hans stað, og tilnefnir þá þingflokkur sá, er skipa á sætið eftir reglu 6. gr., einn mann úr sínum flokki til efri deildar.

4. gr.

13. gr. laganna falli niður.

5. gr.

Í stað 4. másl. 1. mgr. 16. gr. laganna (sbr. l. nr. 6/1958) komi tveir málsliðir, sem orðist svo:

Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga og er ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál, enda skal stjórnin ávallt bera undir hana slík mál, jafnt milli þinga sem á þingtíma. Nefndarmenn eru bundir þagnar-skyldu um þá vitneskju, sem þeir fá í nefndinni, ef formaður eða ráðherra kveður svo á.

6. gr.

4.—6. másl. 1. mgr. og 2. mgr. 19. gr. laganna falli niður.

7. gr.

3.—4. málsl. 1. mgr. 25. gr. laganna orðist svo:

Hún lætur uppi álit sitt um það. Þegar liðin er að minnsta kosti ein nótt frá því, er frumvarpinu, eins og það kom frá hinni deildinni, var útbýtt meðal þingmanna á fundi, eða ef um nefndarálit um það er að ræða, þá frá því, er því var útbýtt, skal frumvarpið tekið til einnar umræðu í deildinni á sama hátt og áður við 3. umræðu (23. gr.).

8. gr.

Á eftir 30. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

- a. Ef ráðherra óskar að gera grein fyrir opinberu málefni, gerir hann það með skýrslu til Alþingis, er skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi.

Ef ráðherra óskar, skal skýrslan tekin til umræðu. Sama gildir, ef níu þingmenn óska þess. Ráðherrann gerir grein fyrir skýrslunni, og er þingmönnum þá rétt að taka þátt í umræðunni. Þingmenn, aðrir en ráðherrar, mega þó ekki tala oftár en tvisvar.

Við umræðu um skýrslu má engar ályktanir gera.

- b. Níu þingmenn geta óskað skýrslu ráðherra um opinbert málefni. Skal beiðnin vera skrifleg og beint til forseta, og má fylgja henni stutt greinargerð. Skal beiðnin prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Á næsta fundi í sameinuðu Alþingi ber forseti það undir atkvæði umræðulaust, hvort beiðnin skuli leyfð eða ekki. Forseti tilkynnir hlutaðeigandi ráðherra um beiðni um skýrslu, sem leyfð hefur verið.

Er ráðherra hefur lokið skýrslugerðinni, skal skýrslan prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi.

Ef ráðherra eða fyrsti flutningsmaður óskar þess, skal skýrslan tekin til umræðu. Ráðherra gerir grein fyrir henni. Þingmenn mega taka þátt í umræðunni, en aðrir en ráðherra mega þó ekki tala oftár en tvisvar.

Við umræðu um skýrslu má engar ályktanir gera.

9. gr.

Í stað 1. mgr. 31. gr. laganna (sbr. l. nr. 22/1947) komi sex málsgreinar, sem orðist svo:

Vilji alþingismaður óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni eða einstakt atriði þess, gerir hann það með fyrirspurn í sameinuðu Alþingi, er afhent sé forseta. Fyrirspurn skal vera skýr, um afmörkuð atriði eða mál, sem ráðherra ber ábyrgð á, og sé við það miðað, að hægt sé að svara henni í stuttu máli. Alþingismaður segir til um það, hvort hann óskar skriflegs eða munnlegs svars. Stutt greinargerð má fylgja fyrirspurn, ef óskað er skriflegs svars.

Forseti ákveður samdægurs, hvort fyrirspurn skuli leyfð eða ekki. Ef vafi er, getur forseti þó borið málið umræðulaust undir atkvæði á næsta fundi í sameinuðu þingi. Skal það einnig gert, ef fyrirspyrjandi óskar þess, er forseti synjar fyrirspurn.

Fyrirspurn skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Fyrirspurn, sem leyfð hefur verið, skal send hlutaðeigandi ráðherra eða ráðherrum.

Á sérstökum fundi í sameinuðu þingi skal forseti taka á dagskrá munnlegar fyrirspurnir, er leyfðar hafa verið í síðasta lagi fjórum virkum dögum fyrir fundinn.

Fyrirspyrjandi eða framsögumaður fyrirspyrjenda mælir fyrir fyrirspurn. Ráðherra eða ráðherrar, er hlut eiga að máli, svara síðan fyrirspurn. Þingmönnum er rétt að taka þátt í umræðum. Ráðherra má eigi jafnaði ekki tala oftár en tvisvar og þingmenn ekki nema tvisvar. Ráðherra má eigi tala lengur en 10 mínútur í senn og aðrir þingmenn eigi lengur en 5 mínútur.

Ef óskað er skriflegs svars, sendir ráðherra forseta það eigi síðar en sex virkum dögum, eftir að fyrirspurn var leyfð. Forseti sendir fyrirspyrjanda svarið. Skal prenta fyrirspurn og svar í Alþingistiðindum.

10. gr.

Aftan við 4. málsl. 34. gr. laganna (sbr. l. nr. 99/1952) bætist: að viðbættu nafni.

11. gr.

Orðin „enda neiti ráðherra ekki um leyfið“ í niðurlagi 43. gr. laganna (sbr. l. nr. 99/1952) falli niður.

12. gr.

48. gr. laganna breytist þannig:

a. Fyrir orðin „skal beita hlutfallskosningu með aðferð þeirri, er kennd er við de Hondt (listakosning)“ í 1. mgr. komi: er forseta heimilt að beita hlutfallskosningu með aðferð þeirri, er kennd er við de Hondt (listakosning). Sama aðferð skal viðhöfð.

b. Á eftir 4. mgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ef kjósa skal einnig varamenn, skal listi, sem hlotið hefur mann eða menn, eiga rétt til jafnmargra varamanna í þeirri röð, sem þeir standa á listanum.

V. Útvarp og sjónvarp umræðna.

13. gr.

2. mgr. 51. gr. laganna orðist svo:

Þá skal og útvarpa, innan tveggja vikna frá þingsetningu, stefnuræðu forsætisráðherra og umræðu um hana. Umferðir skulu vera tvær. Í fyrri umferð hefur forsætisráðherra til umræða allt að hálfri klukkustund og fulltrúar annarra þingflokka 20 mínútur hver. Í annarri umferð hefur hver flokkur 10 mínútur til umræða.

14. gr.

1. mgr. 53. gr. laganna orðist svo:

Á síðari hluta þings skal útvarpa almennum stjórn málaumræðum. Hver þingflokkur fær til umræða þrjá stundarfjórðunga, er skiptast í þrjár umferðir, 20 mínútur í fyrstu umferð, 15 mínútur í annarri og 10 mínútur í þeirri síðustu.

15. gr.

Á eftir 53. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Útvarpa skal umræðu um vantraust, ef 9 þingmenn krefjast þess.

16. gr.

54. gr. laganna orðist svo:

Þegar útvarpað er umræðu um önnur mál en þau, er í 51. og 53. gr. segir, fær hver þingflokkur til umræða þrjátíu mínútur, er skiptast í tvær umferðir, 20 mínútur í fyrri umferð og 10 mínútur í þeirri síðari.

Þegar útvarpi umræðu samkvæmt þessari grein er lokið, getur umræða haldið áfram eftir venjulegum reglum.

17. gr.

Á eftir 54. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Forseti getur, með samþykki allra þingflokka, ákveðið að ræðutími í einstökum umferðum skuli vera annar en til er tekið í öðrum greinum þessa kafla.

18. gr.

Aftan við 55. gr. laganna bætist:

Sama gildir, ef þingflokkur óskar, að útvarpað verði umræðum á þingfundi eða hluta af þingfundi.

19. gr.

Á eftir 56. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Ef Ríkisútvarpið óskar að útvarpa umræðu eða hluta af umræðu, beinir það tilmælum sínum til hlutaðeigandi forseta. Forseti ákveður, að höfðu samráði við

formenn þingflokka, hvort leyfa skuli útvarp umræðu eða ekki. Þegar útvarpað er umræðu á þennan hátt, skal þess gætt, að ræðutími skiptist sem jafnast milli flokka eða mismunandi sjónarmiða.

20 gr.

Á eftir 60. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Í þessum kafla er orðið útvarp notað um hljóðvarp og enn fremur um sjónvarp, eftir því sem við á.

21. gr.

Orðin „ráðherra synjar ekki og“ í 64 gr. laganna falli niður.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á tveimur síðustu þingum, en varð eigi útrætt. Er það nú flutt að nýju. Fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Frumvarp þetta er flutt að ósk forseta Alþingis. Það er samið af millipinganefnd, sem kosin var á Alþingi 5. maí 1966 til að endurskoða lög um þingsköp Alþingis. Greinargerð nefndarinnar um störf hennar og tillögur fer hér á eftir.

Hinn 29. apríl s. l. (þ. e. 1966) samþykkti Alþingi svo hljóðandi tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga um þingsköp Alþingis:

„Alþingi ályktar, að 7 manna millipinganefnd, kosin af sameinuðu Alþingi, skuli falin endurskoðun gildandi laga um þingsköp Alþingis.“

Í samræmi við þessa tillögu voru síðan kosnir 7 alþingismenn til þess að taka sæti í nefndinni. Í nefndina voru kjörnir:

Sigurður Bjarnason,
Þórarinn Þórarinsson,
Sigurður Ó. Ólafsson,
Jónas G. Rafnar,
Jón Skaftason,
Lúðvík Jósefsson,
Benedikt Gröndal.

Á fyrsta fundi í nefndinni var Sigurður Bjarnason kjörinn formaður hennar. Jafnframt var Friðjón Sigurðsson skrifstofustjóri Alþingis ráðinn ritari nefndarinnar.

Ekki reyndist framkvæmanlegt, að nefndin starfaði s. l. sumar. Hins vegar hóf hún störf fljótlega eftir að Alþingi kom saman á s. l. hausti. Hefur hún síðan haldið allmarga fundi. Varð nefndin sammála um að taka þingsköpin í heild til almennrar endurskoðunar. Voru sumarmánuðirnir notaðir til þess að afla margvíslegra gagna frá nágrannalöndunum. Hafa þau verið höfð til hliðsjónar í sambandi við ýmsar þær breytingartillögur, sem nefndin hefur orðið sammála um.

Nefndin hefur nú samið frumvarp um breytingar á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis. Stendur hún sameinuð að þessum tillögum.

Helztu nýmæli, sem nefndin hefur gert breytingartillögur um, eru þessi:

1. Lagt er til, að kjörbréfanefnd verði kosin fyrir allt kjörtímabilið.
2. Lagt er til, að ef sæti efri deildar þingmanns losnar og varamaður tekur sæti á þingi, skuli sá þingflokkur, er skipa á sætið, tilnefna mann úr sínum flokki til efri deildar.
3. Lagt er til, að nefndarmenn í utanríkismálanefnd verði bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju, sem þeir fá í nefndinni, ef formaður eða ráðherra kveður svo á.
4. Sett eru ný og fyllri ákvæði um skýrslur, sem ráðherrar óska að gefa Alþingi, og um rétt þingmanna til þess að óska slíkra skýrslna.

5. Ákvæðin um fyrirspurnir í sameinuðu Alþingi eru gerð fyllri en nú er og stefnt að því að gera umræður um þær nokkru styttri og hnitmiðaðri. Er lagt til, að munnlegar fyrirspurnir verði teknar fyrir á sérstökum fundi í sameinuðu Alþingi, þannig að þær dragi þar ekki um of tíma frá öðrum þingmálum. Þá er lagt til, að það nýmæli verði tekið upp, að þingmenn geti borið fram skriflegar fyrirspurnir, er ráðherrar svara síðan skriflega.
6. Í sambandi við útvarps- og sjónvarpsumræður er lagt til, að það nýmæli verði tekið upp, að útvarpa skuli innan tveggja vikna frá þingsetningu stefnuræðu forsætisráðherra og umræðum um hana. Er þá gert ráð fyrir, að slíkar umræður komi í staðinn fyrir útvarp fjárlagaræðu og umræðu um hana. Þá er lagt til, að á síðari hluta hvers þings skuli útvarpa almennum stjórnmálaumræðum, er standi í eitt kvöld. Skulu þessar umræður komi í staðinn fyrir eldhúsdagsumræður og verða því allmiklu styttri en þær hafa verið.
7. Þá er lagt til, að það nýmæli verði tekið upp, að ef Ríkisútvarpið óskar að útvarpa umræðum frá Alþingi eða hluta af umræðu, þá verði það heimilað, að höfðu samráði við formenn þingflokka.

Í nefndinni voru ýmis önnur atriði rædd en þau, sem fjallað er um í þessu álit. En um aðrar tillögur en þær, sem felast í frumvarpi nefndarinnar, varð ekki fullkomin samstaða að svo stöddu, en hins vegar stendur nefndin, eins og fyrir segir, óskipt að frv. því, sem hún leggur hér fram.

Frumvarpið í heild fer hér á eftir (sjá frv. hér að framan), og fylgja hverri grein þess skýringar á henni og þeim breytingum, sem lagt er til, að gerðar verði samkv. frumvarpinu. Enn fremur fylgir greinargerð um reglur þær, er gilda hjá ýmsum þjóðum um útvarp og sjónvarp frá þjóðþingum.

Um 1. gr.

Í 1. gr. gildandi þingskapa eru ákvæði um prófun kjörbréfa og kosningu þingmanna í þingbyrjun. Ganga þingmenn í 3 jafnar deildir, meðan til vinnst. Gildir það jafnt á öllum þingum kjörtímabilsins og það þótt eigi þurfi að rannsaka nema eitt kjörbréf. Hér er ákvæðinu breytt þannig, að aðeins skuli skipa í kjördeildir á fyrsta þingi eftir hverjar alþingiskosningar. Annars rannsakar kjörbréfanefnd kosningu og kjörgengi, eins og nú er á öðrum tímum en í þingbyrjun. Þykir þetta hentugra. Til þess að unnt sé að hafa þennan hátt á, er kjörbréfanefnd kosin fyrir allt kjörtímabilið, og er 8. gr. þingskapa breytt í þá átt.

Um 2. gr.

Kjörtími kjörbréfanefndar er allt kjörtímabilið. Í gildandi þingsköpum er hún kosin í byrjun hvers þings, sbr. greinargerð um breytingu á 1. gr. þingskapa.

Um 3. gr.

Greininni er breytt í samræmi við síðustu kjördæmabreytingu og breytingu á kosningalögum. Eftir að allir þingmenn hafa fengið varamann, fer ekki fram aukakosning, þó að sæti efri deildar þingmanns losni. Eðlilegt þykir, að sama regla haldist og nú gildir, ef sæti efri deildar manns losnar við andlát, afsal þingmennsku eða missi kjörgengis, að þá tilnefni þingflokkur sá, er skipa á sætið eftir reglu 6. gr., einn mann úr sínum flokki til efri deildar.

Um 4. gr.

Vegna breyttra samgönguhátta þykir ekki lengur ástæða til að kjósa millipingaforseta, þótt hvorki forseti né varaforseti sé búsettur í Reykjavík eða grennd. Ákvæðið hefur líka um langt árabíl verið dauður bókstafur.

Um 5. gr.

Hér er ákveðið, að utanríkismálanefnd skuli starfa einnig á milli þinga. Er það í samræmi við gildandi þingsköp. Einnig er ákveðið, að hún skuli vera ríkis-

stjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál, jafnt milli þinga sem á þingtíma. Er þar um að ræða tvenns konar frávik frá gildandi þingsköpum. Ákvæðið er takmarkað við meiri háttar utanríkismál. Gildandi þingsköp taka til utanríkismála án takmörkunar. Rétt þykir að láta ákvæðið aðeins taka til meiri háttar mála. Hins vegar er ákvæðið viðtækara en nú að því leyti, að það gildir jafnt á milli þinga sem á þingtíma. Samkvæmt núverandi þingsköpum gildir ákvæðið um samráðsskyldu ríkisstjórnar aðeins á milli þinga. Í eldri ákvæðum var ákvæðið hins vegar að þessu leyti eins og hér er lagt til að það verði.

Loks er hér nýmæli um þagnarskyldu um þá vitneskju, er nefndarmenn fá í nefndinni. Gildir þagnarskyldan, ef formaður eða ráðherra kveður svo á. Er það undir mati þeirra komið hverju sinni, hvort ástæða þykir til að kveða á um þagnarskyldu eða ekki. Ákvæðin um þagnarskyldu eru sniðin eftir dönskum lögum um utanríkismálanefnd.

Um 6. gr.

Hér eru felld niður ákvæðin um deildarleyfi, ef mál koma síðar fram en átta vikum eftir þingsetningu. Ákvæðin virðast ekki hafa haft neina raunhæfa þýðingu í þá átt að takmarka það, að mál komi fram seint á þingi.

Um 7. gr.

Hér er um að ræða meðferð máls við eina umræðu í deild. Ef nefnd hefur fjallað um málið, ber forseta að senda henni það. Nefndinni ber samkvæmt gildandi þingsköpum að láta uppi álit sitt um málið, og skal það prentað og því útbýtt. Hér er lagt til að gera þá breytingu, að það sé undir mati nefndarinnar komið, hvort hún skilar skriflegu álit um málið eða ekki. Ef um smávægilega breytingu er að ræða, er nægilegt, að gerð sé grein fyrir henni munnlega. Er það og í samræmi við venju.

Um 8. gr.

Hér er um nýmæli að ræða.

Í a-lið segir, að ef ráðherra óskar að gera grein fyrir opinberu málefni, geri hann það með skýrslu til Alþingis, er skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Er með þessu lögfest venja, sem myndast hefur í þessu efni. Auk þess eru settar reglur um umræðu um skýrslu ráðherra. Það er ekki skylda að hafa umræðu um skýrsluna, nema ráðherra eða níu þingmenn óski þess. Er gert ráð fyrir, að skýrslan sé gefin í sameinuðu þingi.

Um umræðuna fer eftir venjulegum reglum. Þingmenn mega ekki tala oft en tvisvar. Ráðherrar mega tala eins oft og þeir vilja.

Í seinni greininni (b-liðnum) segir, að níu þingmenn geti óskað skýrslu ráðherra um opinbert málefni. Eðlilegt þykir, að þessi fjöldi þingmanna í sameinuðu þingi geti átt frumkvæði að skýrslugerðinni. Beiðni um skýrslugerð skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Á næsta fundi í sameinuðu þingi er það borið undir atkvæði umræðulaust, hvort beiðnin skuli leyfð eða ekki. Forseti tilkynnir hlutaðeigandi ráðherra um beiðni um skýrslu, sem leyfð hefur verið. Er ráðherra hefur lokið skýrslugerðinni, skal hún prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi.

Ekki er skylt að hafa umræðu um skýrsluna, nema ráðherra eða fyrsti flutningsmaður óski þess. Umræðunni er þá hagað eins og er ráðherra hefur frumkvæði um skýrslugerð.

Við umræður um skýrslur má engar ályktanir gera. Gildir það, hver sem á frumkvæði að skýrslugerðinni.

Um 9. gr.

Vilji alþingismaður óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni eða einstakt atriði þess, gerir hann það með fyrirspurn í sameinuðu þingi. Í núverandi þingsköpum er einnig talað um að „beiðast skýrslu ráðherra“. Það er fellt niður, enda er gert ráð fyrir sérstökum reglum um skýrslur, shr. næstu grein hér á undan. Er ætlað til, að fyrirspurnir séu skýrar, um afmörkuð atriði eða mál,

og sé við það miðað, að hægt sé að svara þeim í stuttu máli. Hér er einnig ákveðið, að fyrirspurn skuli fjalla um opinbert málefni, er ráðherra ber ábyrgð á. Er það gert til að leggja áherzlu á, að einungis á að spyrja um slík málefni. Í þessu mun hins vegar ekki felast frekari takmörkun en verið hefur í reynd. Í greinina er sett það nýmæli, að þingmaður getur óskað skriflegs svars. Er það eftir danskri fyrirmynd. Rétt þykir að leyfa þessa aðferð til að afla upplýsinga, ef hún þykir heppilegri í einstökum tilfellum.

Forseti ákveður samdægurs, hvort fyrirspurn skuli leyfð eða ekki. Er forseta fengið þetta vald til þess að spara tíma. Ekki þarf að bíða fundar í sameinuðu þingi, eins og nú er. Ef vafi er um það, hvort fyrirspurn skuli leyfð eða ekki, má skjóta málinu til sameinaðs þings.

Á sérstökum fundi í sameinuðu þingi skal forseti taka á dagskrá munnlegar fyrirspurnir, er leyfðar hafa verið í síðasta lagi fjórum virkum dögum fyrir fundinn. Orðin „munnlegar fyrirspurnir“ eru hér notuð um þær fyrirspurnir, þar sem óskað er munnlegs svars. Hér er gert ráð fyrir sérstökum fundi í sameinuðu þingi. Er þá ætlað til, að hann komi til viðbótar við fundi í sameinuðu þingi, er fjalla um önnur mál þar. Þá er fresturinn til að svara stytur úr einni viku í 4 virka daga.

Varðandi umræður um fyrirspurn er gerð sú breyting, að ræðutími ráðherra er takmarkaður. Hann má ekki tala lengur en tíu mínútur í senn og að jafnaði ekki oftari en tvisvar. Er með þessu stefnt að því að stytta umræður um fyrirspurnir, svo að önnur mál komist einnig að. Samtímis því, að ætlað er til þess, að svör styttest, er gert ráð fyrir, að þau komi fyrr og komi á þann hátt að meiri notum.

Ef skriflegs svars er óskað, skal það sent forseta eigi síðar en sex virkum dögum, eftir að fyrirspurn var leyfð. Forseti sendir fyrirspyrjanda svarið. Skal prenta fyrirspurn og svar í Alþingistiðindum. Er gert ráð fyrir, að aðrir þingmenn geti einnig fengið svarið, ef þeir óska þess.

Um 10. gr.

Hér er um að ræða nýtt ávarpsform. Þingmenn hafa um langt árabil verið kenndir við kjördæmi eða kosningu, en ekki nefndir með nafni. Undantekning var þó gerð við útvarpsumræðu, þá á þingmaður, sem beinir máli sínu til annars, að nefna hann með nafni. Eftir síðustu kjördæmabreytingu verður þetta ávarpsform nokkru erfiðara í framkvæmd, þar eð kjördæmakjörnir þingmenn og landskjörnir hafa hver sitt númer. Þykir mörgum það hvíleitt og stírt. Hér er því lagt til, að þingmenn verði kenndir við kosningu eða kjördæmi að viðbættu nafni.

Um 11. gr.

Til afbrigða frá þingsköpum þurfti áður ekki aðeins samþykki sameinaðs þings eða deildar, oft aukinn meiri hluta, heldur og leyfi ráðherra. Árið 1952 var ákvæðunum um afbrigði breytt í það horf, að það nægði, ef ráðherra neitaði ekki um afbrigðin. Þetta ákvæði um rétt ráðherra til að neita um afbrigði mun ekki hafa verið notað, og þykir ekki ástæða til að halda því. Er það því fellt niður.

Um 12. gr.

Hér er um þá breytingu að ræða, að forseti getur ákveðið hlutfallskosningu, þegar kjósa á um tvo menn eða fleiri í þingdeild eða sameinuðu þingi. Er það í samræmi við venju í þessu efni, sem rétt þykir að löggesta. Ákvæðið um, að 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri og 9 í sameinuðu þingi geti krafizt hlutfallskosningar, helst óbreytt.

Í b-lið er gerð sú breyting, að það er tekið fram, að ef kosnir eru aðalmenn og varamenn, þá eigi listi, sem hlotið hefur mann eða menn kosna, rétt til jafnmargra varamanna í þeirri röð, sem þeir eru á listanum. Hér er gert ráð fyrir, að

í slíkum tilfellum fái hver listi jafnmarga varamenn og aðalmenn. Til þess að tryggja þetta þarf samtímis að kjósa aðalmenn og varamenn, en ekki fyrst aðalmenn og síðar varamenn, eins og tíðkæzt hefur fram að þessu.

Um 13. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Í stað útvarps fjárlagaræðu og umræðu um hana er hér ákveðið, að innan tveggja vikna frá þingsetningu skuli útvarpa stefnuræðu forsætisráðherra og umræðu um hana. Hér er líka það nýmæli, að ræðutími forsætisráðherra er takmarkaður við hálfu klukkustund og fulltrúa annarra þingflokka við 20 mínútur. Í seinni umferð hefur hver flokkur 10 mínútur til umræða. Er með þessu að því stefnt að stytta útvarpsumræður hverju sinni. Með þessu ákvæði fást í byrjun þings almennar umræður um helztu stefnumál stjórnarinnar og stjórnarandstöðunni gefst tækifæri til að koma á framfæri sínum sjónarmiðum.

Um 14. gr.

Hér er um að ræða hina svonefndu eldhúsdagsumræðu, sem áður fór fram við framhald 1. umr. um fjárlög, en á síðari árum hefur verið venja að slíta úr tengslum við fjárlög og hafa í þinglok. Hér er gert ráð fyrir að lögfesta þá venju, sem myndast hefur að þessu leyti, en takmarka umræðuna við eitt kvöld, þar sem hver þingflokkur hefur samtals til umræða þrjá stundarfjórðunga, er skiptast í þrjár umferðir, 20, 15 og 10 mínútur. Er hér enn talið heppilegt að stytta útvarpsumræðuna.

Um 15. gr.

Samkvæmt gildandi þingsköpum er ekki skylt að útvarpa umræðu um vantraust. Hér er lagt til, að skylt skuli að útvarpa umræðunni, ef níu þingmenn krefjast þess.

Um 16. gr.

Ef útvarpað er umræðu um önnur mál en þau, er í 51. og 53. gr. segir, fær hver þingflokkur þrjátíu mínútur til umræða. Mál þau, sem 51. og 53. gr. eiga við, eru stefnuræður forsætisráðherra og almennar stjórnmálaumræður. Um önnur mál er útvarpsumræðan aðeins hálf tími fyrir hvern þingflokk, 20 mínútur í fyrri umferð og 10 mínútur í þeirri síðari.

Hér er enn stytur umræðutíminn. Í gildandi þingsköpum fær hver flokkur 45 mínútur til umræða.

Í síðari málgreininni er ákveðið, að umræða geti haldið áfram, eftir að útvarpsumræðu er lokið. Er þetta ákvæði sett vegna styttingar útvarpsumræðunnar og eins vegna hins, að nauðsynlegt getur verið að gefa þingmönnum tækifæri til að mæla fyrir breytingartillögum sínum.

Um 17. gr.

Ef allir þingflokkar og forseti eru sammála, þykir ekki ástæða til að útiloka, að hægt sé að víkja frá ákvæðunum hér á undan um ræðutíma. Ef þannig stendur á, er hægt að ná sama marki með afbrigðum frá þingsköpum. Þykir því rétt að heimila berum orðum slík frávík frá ákvæðunum um ræðutíma.

Um 18. gr.

Þetta er nýmæli. Hér er ákveðið, að þingflokkur geti óskað, að útvarpað verði þingfundi eða hluta af þingfundi. Gilda þá venjulegar þingskapareglur um röð ræðumanna og ræðutíma.

Um 19. gr.

Þetta er einnig nýmæli. Hér er það Ríkisútvarpið, sem hefur frumkvæði um að útvarpa umræðu eða hluta af umræðu. Forseti ákveður, að höfðu samráði við formenn þingflokka, hvort leyfa skuli útvarp umræðu eða ekki. Með þessu er tryggt, að forseti getur hlutast til um, að beiðni um slíkt útvarp komi með hæfilegum fyrirvara og að framkvæmdin sé viðunandi.

Um 20. gr.

Hér er ákveðið, að í þessum kafla sé orðið útvarp notað um hljóðvarp og enn fremur, eftir því sem við á, um sjónvarp. Að því er til sjónvarps tekur, er hér um nýmæli að ræða. Er ákveðið, að ákvæðin skuli gilda um sjónvarp, eftir því sem við verður komið. Á þessu stigi er ekki unnt að setja ýtarleg ákvæði um sjónvarp frá Alþingi. Verður fyrst að fá reynslu í þessu efni. Talið er heppilegt, að sjónvarp standi skemur en hljóðvarp, ef unnt er að koma því við.

Um 21. gr.

Hér vísast til greinargerðar um 11. gr.

Um 22. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

ÚTVARP FRÁ ÞJÓÐÞINGUM

Samkvæmt ósk millipinganefndar þeirrar, er unnið hefur að endurskoðun þingskapa, hefur skrifstofa Alþingis útvegað allmikið af upplýsingum um útvarp (hljóðvarp og sjónvarp) frá þjóðþingum annarra landa.

Hér fer á eftir yfirlit um þessi mál, byggt á þeim gögnum, sem aflað hefur verið, en þau eru aðallega skýrsla brezkraur þingnefndar um útvarp frá neðri deildinni og upplýsingar frá Norðurlöndum.

1. Nýja-Sjáland.

Nýsjálenzka ríkisstjórnin ákvað 1936, að hljóðvarpa skyldi öllum þingfundum í heild, og hefur það verið gert síðan. Sérstakar sendistöðvar í helztu borgum landsins annast þetta hlutverk.

Útvarp hefst hvern fundardag kl. 2.30, þegar forseti gengur í salinn. Eftir formsatriði er á hverjum degi spurningatími í nákvæmlega 20 mínútur. Síðan er gengið til dagskrár, og enda fundir kl. 10.30 síðdegis, nema sérstök ástæða þyki til að halda áfram.

Ræðutími þingmanna er takmarkaður við 20 mínútur. Í fjárlagaumræðu eru aðalræður 30 mínútur, og framsöguræður ráðherra eru einnig 30 mínútur. Hægt er að leyfa lengri ræður, og fyrir kemur, að forsætisráðherra og formaður stjórnarandstöðu fái ótakmarkaðan tíma.

Viðurkennt er, að nýsjálenzkir þingmenn tali stundum meira til hlustenda (m. a. í kjördæmum sínum) en til þingsins, en það þykir ekki óeðlilegt. Þingmenn eru 80. Þeir sækjast eftir að fá að tala um klukkan 19.30, sem er talinn bezti hlustunartíminn. Virðast flokksverðir (whips) ráða miklu um það, hvenær þingmenn komast að. Ráðherrar þykja djarftækir til bezta tíma, ef þeir þurfa að ávarpa þjóðina.

Nýsjálenzka útvarpið hefur komið að þeirri niðurstöðu samkvæmt hlustunar-rannsóknnum sínum, að 2—3% þjóðarinnar hlýði að jafnaði á útvarp frá þinginu, en sú tala sé meiri á vissum tímum og verði mun meiri, þegar stórmál eru til umræðu. Þetta útvarp er nú talið föst hefð, og heyrast sjaldan raddir um, að það skuli afnumið.

Nýsjálendingar lita allt öðrum augum á sjónvarp úr þingsölum. Þeir óttast hálfótma þingbekki löngum stundum á fundartíma. Hins vegar sjónvarpa þeir þingsetningu og öðrum hátíðlegum athöfnum.

2. Ástralía.

Ástralíumenn hafa sama hátt á og Nýsjálendingar. Þeir hljóðvarpa þingfundum í heild. Í stórum dráttum er kerfið hið sama, en sitthvað er ólíkt í einstökum atriðum.

3. Bandaríkin.

Venjulegum fundum öldungadeildar eða fulltrúadeildar bandaríska þingsins hefur aldrei verið hljóðvarpað eða sjónvarpað. Um þetta er ekki stafur í þingsköpum, en ráðamenn beggja deilda hafa neitað beiðnum útvarpsfélaga um slíkt útvarp. Hins vegar er hvort tveggja leyft á sameiginlegum fundum, þegar tignir gestir ávarpa þingið, svo sem er forseti landsins talar þar, sem er að jafnaði aðeins einu sinni á ári.

Nefndafundir eru þýðingarmiklir í Washington, sérstaklega er nefndir kalla fyrir sig borgara til yfirheyrslu eða ráðgjafar. Öldungadeildin hefur leyft hljóðvarp og sjónvarp frá slíkum fundum, en fulltrúadeildin ekki. Hefur það sjónvarp oft á tíðum vakið mikla athygli.

Útvarpsfélögin, sem eru einkafyrirtæki, ákveða, hvort og hvenær þau óska eftir útvarpi úr nefnd. Formenn nefnda veita þá leyfi, sem mun ávallt hafa verið gert, þegar um opna fundi hefur verið að ræða. Útvarpsfélögin ráða, hvort þau útvarpa hluta fundar eða fundi öllum. Þau ráða, hvort þau flytja ræður í heild eða útdrætti úr þeim, og gera þá útdrættina sjálf. Þau ráða með öðrum orðum, hvernig þau nota það efni, sem þau taka upp í þinghúsinu.

Í bandarískum lögum um útvarp er lögð sú kvöð á hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar, að þær veiti stjórnmalaflokkum „jafnan tíma“ í dagskrá. Þýðir þetta í reynd, að stóru flokkarnir fái jafnan tíma fyrir kosningar (auk þess tíma, sem þeir kaupa fullu auglýsingaverði). Þessi regla hefur ekki verið talin gilda um útvarp frá þingnefndum. Útvarpsfélögin meta eftir fréttagildi, hvaða ræður þingmanna þau taka. Hins vegar gilda þingsköp um ræðutíma og ræðuröð þingmanna eins, hvort sem útvarpað er eða ekki.

4. Kanda.

Kanadamenn hafa í aðalatriðum fylgt sömu venjum og Bretar og ekki leyft hljóðvarp eða sjónvarp úr þingsölum, nema við hátíðlegar athafnir eins og þingsetningu.

5. Ítalía.

Ítalir sjónvarpa beint úr þingsölum við sérstakar athafnir, t. d. kosningu forseta lýðveldisins, kynningu nýrrar ríkisstjórnar eða umræðu stórmála, sem ekki eru pólitísk í eðli sínu.

Forsætisráðuneytið hefur lokaorð um, hvort útvarpa skuli umræðum um önnur mál, en ítalska útvarpið, R. A. I., er undir sterkum áhrifum ríkisvaldsins. Sé ákveðið að hljóðvarpa eða sjónvarpa, býr R. A. I. til úr umræðunni rúmlega klukkustundar dagskrá. Getur hver flokkur átt von á, að fluttur verði um 5 mínútna útdráttur úr ræðu hans manns. Að auki er gefið heildaryfirlit yfir umræðurnar.

R. A. I. flytur annars daglega 15 mínútna yfirlit yfir það, sem gerzt hefur á þingi, og í vikulok yfirlitsþátt um liðna viku á þingi.

6. Frakkland.

Beint útvarp frá franska þinginu tíðkast ekki. Hins vegar flytur franska ríkisútvarpið, O. R. T. F., oft í hljóðvarpi og sjónvarpi útdrátt úr umræðum á þingi, þó sjaldan lengri en 15 mínútur í heild. Útvarpið velur ræðumenn og þætti úr ræðum þeirra. Hefur stjórnarandstaðan kvartað sáran undan misrétti, en fengið litla áheyrn.

Yfirstjórn útvarps frá þingi er í höndum dagskrárnefndar, sem kosin er hlutfallskosningu á þinginu. Ákvæði um útvarp eru engin, en það látið heyra undir almenna stjórn þingsins, sem þessi nefnd fer með. Sérstök undirnefnd hefur þó verið sett í útvarpsmál, og hafa Gaullistar tryggt meiri hluta í báðum nefndum.

7. Sviss.

Ekki hefur verið hljóðvarpað eða sjónvarpað umræðum í svissneska þinginu, heldur aðeins sérstökum athöfnum. Ekki mun beint útvarp vera fyrirhugað, þar sem umræður í heild þykja of langar og leiðinlegar, en útdrættir eru taldir bjóða ranglæti heim. Ef til vill ræður þó úrslitum, að í landinu eru töluð fjögur tungumál.

Svissneska útvarpið hyggst nú koma upp útvarpssal og starfsliði skammt frá þinghúsinu í Bern, og er ætlunin að taka þar upp efni með þátttöku þingmanna.

8. Belgía.

Beint útvarp frá belgíska þinginu hefur ekki verið tekið upp. Mun forseti öldungadeildar vera því hlynntur, en forseti fulltrúadeildar mjög andstæður. Belgíska útvarpið mun ekki hafa sótt þetta mál fast, enda við það sérstaka vandamál að etja, að tvö tungumál eru í ríkinu (franska og flæmska) og allt útvarp því nálega tvöfalt.

9. Holland.

Undanfarin ár hefur oft verið hljóðvarpað og sjónvarpað mikilsverðum umræðum frá fulltrúadeild hollenzka þingsins. Hefur slíkt útvarp verið háð leyfi frá skrifstofustjóra.

Nefnd hefur fjallað um endurskoðun þingskapa í Hollandi, og gerði hún tilögur um föst ákvæði varðandi hljóðvarp og sjónvarp frá þingi. Ekki hefur frétt um afdrif þess máls.

10. Vestur-Þýskaland.

Mikilvægum umræðum er oft hljóðvarpað úr Sambandsþinginu í Bonn. Ef það er ekki gert, eru fluttir útdrættir í kvölddagskrá. Þýzka útvarpið óskar eftir slíku hljóðvarpi, er því þykir ástæða til, og þingið hefur ávallt veitt leyfi.

Síðustu ár hefur umræðum einnig oft verið sjónvarpað beint úr þingsal, en oftar hefur verið sjónvarpað af segulbandi útdrætti úr umræðum. Könnun hefur leitt í ljós, að 1—3% hafi horft á beinar sendingar úr þingsal fyrir hádegi, 4—14% síðdegis, en allt að 29% horft á útdrætti að kvöldi.

Híð tvíþætta þýzka sjónvarp (ARD og ZDF) hefur sett sér meginreglur varðandi sjónvarp frá þingi. Þær eru:

1. Það sé grundvallarregla, að hvor stofnunin (ARD eða ZDF) um sig taki ákvörðun um, hvort hún vilji sjónvarpa frá þingi eða ekki.
2. Aðeins skal sjónvarpa mikilsverðustu umræðum.
3. Sé ákveðið að sjónvarpa beint, skal útsending ekki vera lengur en til kl. 6 síðdegis. Þá skal sú sjónvarpsstofnunin, sem ekki sendi beint frá þingi, flytja útdrátt síðar um kvöldið.

Ekki hefur frétt, hvort þingið hefur samþykkt þessar reglur.

11. Bretland.

Bretar hafa hingað til ekki leyft hljóðvarp, sjónvarp, myndatöku eða kvikmyndatöku í deildum brezka þingsins, þar til þingsetningu var nýlega sjónvarpað og myndir teknar af þeirri athöfn í fyrsta sinn.

Mikið hefur verið um það rætt í Bretlandi undanfarin missiri, hvort ekki sé rétt að breyta þessu og taka upp útvarp frá þingi í einhverju formi. Skipaði neðri deildin nefnd til að athuga þetta á þinginu 1964—65 og aðra 1965—66. Loks var þriðja nefndin skipuð í maí 1966, og lauk hún störfum sama ár um haustið. Var skýrsla hennar mjög ýtarleg og er að ýmsu leyti fróðlegasta rit, sem til er um þessi mál.

Niðurstöður nefndarinnar voru þessar:

1. Samfellt lifandi hljóðvarp eða sjónvarp af flestum eða öllum fundum neðri deildar er hvorki framkvæmanlegt sé æskilegt.

2. Neðri deild gæti látið hljóð- og myndrita alla fundi deildarinnar og afhent brezku útvarpsfélögunum það efni, svo að þau gætu valið úr því til nota í hljóðvarps- eða sjónvarpsdagskrám sínum. Þetta segulband gætu aðrir aðilar heima og erlendis einnig fengið að nota.
3. Ákveða skal að gera tilraun með lokað sjónvarp úr deildinni, sem þingmenn einir gætu séð. Að fenginni þeirri reynslu skal deildin ákveða, hvort gera skuli varanlegar ráðstafanir til útvarps úr deildinni.

Stöðugu sjónvarpi úr neðri deild var hafnað vegna gífurlegs kostnaðar við að koma upp sérstöku sendikerfi um land allt til þeirra nota, svo og af því, að vafasamt þótti að hafa deildina daglangt fyrir augum alþjóðar.

Annar liður gerir ráð fyrir, að komið sé fyrir í sal deildarinnar sjónvarps-tækjum, sem þyrftu að vera mörg, þar sem þingmenn tala úr sætum sínum, en ræðustóll er enginn. Var hugmyndin sú, að þingið kostaði þetta kerfi og rekstur þess, en byði þeim, sem hafa vildu, hljóð- og myndritun af fundum deildarinnar. Var búizt við, að útvarpsfélögin mundu að jafnaði nota nokkrar mínútur af slíku efni á dag. Nokkuð var rætt um, hver ætti að ráða vali efnisins. Þótti sumum það vanda-mál, en flestir töldu sjálfsagt að treysta útvarpsfélögunum fyrir því, eins og blöð-um er treyst til að segja frá því, sem þeim þóknast, frá þingi.

Lávarðadeildin samþykkti, að gerð skyldi sú tilraun með lokað sjónvarp, sem nefndin lagði til.

Miklar umræður urðu um málið í neðri deildinni 23. og 24. nóvember 1966, og lauk málinu á þá leið, að tillagan um tilraunina var felld með 131 atkvæði gegn 130. Í deildinni eiga sæti 640 þingmenn.

Brezka ríkisútvarpið, BBC, hlaut leyfi til að fjalla um deilumál 1928 og hefur síðan talið útbreiðslu á pólitískri þekkingu eitt af hlutverkum sínum. Síðasta samkomulag milli BBC og flokkanna þriggja var gert 1947. BBC er sjálfrátt um sam-talsþætti, fréttauka og annað slíkt efni um stjórn-mál. Hins vegar er samkomulag um, að flokkarnir megi tilnefna menn til að flytja tiltekin erindi, sem kölluð eru „Party Political Broadcasts“. Útvarpið ákveður tímann, og er venjulega gerð áætlun fyrir heilt ár í einu. Flokkarnir ákveða menn, efni erindanna og hvort þau eru notuð til að svara öðrum flokkum eða ekki. Fyrir árið 1965 varð samkomulag um eftirfarandi útsendingar:

Sjónvarp.

Verkamannaflokkur 5 erindi (2×15 mín. og 3×10 mín.).

Íhaldsflokkur 5 erindi (2×15 mín. og 3×10 mín.).

Frjálslyndi flokkurinn 2 erindi (2×10 mín.).

Þessum erindum var sjónvarpað samtímis af ríkisútvarpinu, BBC, og einka-sjónvarpinu, ITV, kl. 9.30 að kvöldi.

Hljóðvarp.

Verkamannaflokkur 6 erindi (3×10 mín. í almennri dagskrá, en 3×5 mín. í léttu dagskránni).

Íhaldsflokkurinn 6 erindi (3×10 mín. í almennri dagskrá, en 3×5 mín. í léttu dagskránni).

Frjálslyndi flokkurinn 2 erindi (1×10 mín. í almennri dagskrá, en 1×5 mín. í léttu dagskránni).

BBC hljóðvarpaði þessum erindum kl. 10.10 að kvöldi í almennu dagskránni (Home Service) og kl. 6.40 síðdegis í léttu dagskránni (Light Programme).

Þá varð samkomulag um það fyrir árið 1945 í fyrsta sinn, að þjóðernisflokkar í Skotlandi og Wales skyldu fá að koma fram í útvarpi. Fékk hvor flokkur eitt 5 mín. erindi í hljóðvarpi og annað í sjónvarpi.

Samkomulagið fyrir 1945 gerði ráð fyrir 140 mín. sjónvarpstíma, en hann hafði áður verið 175 mín. á ári. Í hljóðvarpi 105 mínútur í stað 120 áður.

12. Finnland.

Helztu útsendingar frá þingi eða um þingstörf eru þessar í Finnlandi:

1. Beint hljóðvarp frá þingsetningu, þinglausnum og veigamestu umræðum. Síðast liðið haust það þingið þess, að ekki væri sjónvarpað beint, og mun það mál vera í athugun hvað framtíðina varðar. Telja útvarpsmenn, að rétt verði að hljóðvarpa veigamestu umræðum, en flytja aðeins stutta útdrætti í sjónvarpi. Reynsla hefur sýnt, að ókleift er að hljóðvarpa umræðum í heild. Hefur verið valinn sá kostur að taka aðeins frummælendur, til dæmis ráðherra, og aðalræðumann hvers flokks.
2. Útvarpað er — oft bæði í hljóðvarpi og sjónvarpi — yfirliti um þingstörf dagsins, sem getur orðið allt að 30—45 mínútur að lengd. Er þetta efni oft sent með kvöldfréttum. Ræðumenn eru valdir eftir sömu reglu og að ofan var nefnd. Er venja, að menn fái sjálfir að ráða, hvaða brot úr ræðu þeirra er tekið. Einnig er venja að taka sem næst jafnlangan ræðuhluta frá hverjum.
3. Finnsla hljóðvarpið flytur vikulega yfirlit um þingstörf, og er þar mikið um ræðustúfa af segulbandi til að leiða fram með eigin röddum þingmanna aðalatriði úr mikilvægustu ræðum. Þessir ræðuhlutar eru valdir af þingfréttastjóra. Sjónvarp hefur ekki sambærilegt vikuyfirlit.

Oft eru flutt stutt viðtöl eða yfirlýsingar stjórnmálamanna í almennum fréttum. Fer þá eftir eðli máls, hvort fulltrúar eru frá öllum flokkum eða ekki. Reynt er að láta fulltrúa allra flokka koma fram á löngu tímabili, en þó er talið óhjákvæmilegt, að menn stóru flokkanna komi oft fram en hinna minni.

13. Svíþjóð.

Svíar hafa lengi hljóðvarpað frá báðum deildum Ríkisdagsins, og hefur sænska útvarpið leyfi til að taka án sérstakrar samþykktar eftir eigin vali ræður eða ræðukafla til að nota í hljóðvarpi, til dæmis í fréttum.

Fyrsta sjónvarp frá fundum Ríkisdagsins var 1957, en það jókst verulega eftir 1962. Frumkvæði að sjónvarpssendingum er hjá útvarpinu, en leyfi þarf að fá hjá þinginu, og veitir Talemanskonferansen (forsetar, varaforsetar, formenn nefnda o. fl.) það. Hefur leyfi ávallt verið veitt. Er þá sjónvarpað beint frá umræðu, eins lengi og útvarpið sér ástæðu til. Síðan velur útvarpið sjálft útdrætti til að senda síðar, til dæmis í fréttum eða sérstökum yfirlitsþáttum.

Sænska útvarpið hefur heimild til að taka 16 mm kvikmyndir í þingsölum eftir vild án sérstaks leyfis og nota þær eins og því sjálfu þóknast.

Sjónvarp frá þingi þykir svo sjálfsagt í Svíþjóð, að vart er um það deilt lengur. Í fyrstu var álitid, að þingmenn töluðu að nokkru leyti fyrir sjónvarpið, en fullyrt er, að það gerist nú ekki lengur, og verði ekki betur séð en þeir viti varla um útsendingu. Stöku sinnum heyrast kvartanir um val fréttamanna útvarpsins í útdráttum, en þær kvartanir eru ekki taldar alvarlegar.

14. Danmörk.

Danir hafa hljóðvarpað frá þingfundum í meira en þrjú áratugi. Danska Ríkisútvarpið hefur aðstöðu í þinghúsinu til að taka á segulband allt, sem sagt er. Af þessu bandi notar útvarpið eins og því sjálfu sýnist án sérstaks leyfis. Er hefð að taka jöfnum höndum frá hinum ýmsu flokkum eða stjórn og stjórnarandstöðu, eftir því sem efnið leyfir. Þá er stundum (2—3 sinnum á ári) hljóðvarpað umræðum heil kvöld. Í vikuyfirliti útvarpsins af störfum þingsins er mikið notað af stuttum upptökum með ræðubrotum þingmanna.

Hér fer á eftir útdráttur úr upplýsingum, sem Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn hefur útvegað um sjónvarp frá danska þinginu:

Þegar fréttastofa danska sjónvarpsins (TV-Avisen) var sett á fót, var fimm af tólf fréttamönnum falið að annast fregnir af stjórnmálum og efnahagsmál-

um. Þar af áttu tveir að sjá um fréttir frá þingi. Áður hafði verið gert samkomulag við forseta og skrifstofu þingsins um aðstöðu til upptöku. Var leyft að kvikmynda í þingsal og tryggt rúm í sendiherrastúku fyrir myndavél. Lýsing í salnum var aukin.

Við mikilverðustu umræður eða atburði í þjóðþinginu kemur utanhússjónvarp til skjalanna. Í öðrum þýðingarmiklum málum eru verulegir hlutar umræðu kvikmyndaðir. Er tekinn 2—3 mínútna útdráttur úr ræðu hvers þingmanns og fluttur með síðustu fréttum, en gefið örstutt yfirlit um ræðuna á undan mynd ræðumanns. Þingfréttaritarar segja frá öðrum umræðum.

Sjónvarpið hefur nýlega fengið 25 fermetra herbergi til afnota í þinghúsinu, og þar eru tekin upp stutt viðtöl eða yfirlýsingar. Að auki eru oft viðtöl við stjórnámálamenn í venjulegum sjónvarpsfréttum, og á hverju mánudagskvöldi fylgir síðustu fréttum pólitískt spjall (kronik) undir heitinu „Dagsordenen“.

Samkomulag er um það við stjórnámálaflokkana, að fréttastofa sjónvarpsins ráði sjálf, hvaða yfirlýsingar stjórnámálanna hún biðji um eða sendi út. Er því ekki gerð krafa um jöfnuð milli flokka, en hins vegar um hlutlaust fréttamat. Hefur oft komið fyrir, að flokkar hafi óskað skýringa á fréttum af þessu tagi, en þeir hafa ekki sagt samkomulaginu upp.

15. Noregur.

Norðmenn hafa hljóðvarpað mikið frá Stórþinginu síðan í ófriðarlok. Norska Ríkisútvarpið hefur frumkvæði um slíkar sendingar og fær leyfi þingforseta, en það hefur ávallt verið veitt. Þó þarf ekki sérstakt leyfi til að útvarpa broti úr ræðu þingmanns í fréttum eða fréttayfirlitum, nema hvað áskilið er, að í heild sé pólitískt jafnvægi í slíkum fréttaflutningi. Útvarpið hefur hljóðnema í ræðustólum þingsins, línu þaðan til útvarpshúss og tekur allt upp til að geta valið hvaða brot sem fréttamönnum þóknast að nota.

Stundum er hljóðvarpað heilum umræðum eða hluta af umræðum. Einnig eru umræður hljóðritaðar og gerður úr þeim útdráttur, sem er sendur út síðar til að raska sem minnst venjulegri dagskrá.

Nokkrum sinnum hefur verið sjónvarpað beint úr sölum Stórþingsins, og eru þær sendingar í röð hins merkasta og vinsælasta sjónvarpsefnis, sem Norðmenn hafa séð. Leyfi forseta þarf hverju sinni.

Norska útvarpið lætur taka fréttakvikmyndir í þinginu eins og annars staðar og velur úr þeim eftir eigin vild til nota með frásögnum þingfréttamanna.

Lokaorð.

Það er athyglisvert við þær upplýsingar, sem fyrir liggja um hljóðvarp og sjónvarp frá þjóðþingum, að þar er ekki að finna eitt einasta dæmi um útvarp frá þingi, sem svipar til þess kerfis, sem Íslendingar hafa haft á fjórða áratug. Það er líklega einsdæmi, að ákvæði um slíkt sé í þingsköpum og að skylda sé að útvarpa tilteknum umræðum. Er sú skipan mitt á milli nýsjálenzka og ástralska kerfisins annars vegar og hins vegar þess, sem flest önnur lönd búa við.

Þá er það yfirleitt regla í þeim löndum, sem hér hafa verið talin, að útvarpið hafi frumkvæði um útsendingu umræðna og fái leyfi þingsins, nema hvað yfirleitt þarf ekki leyfi fyrir brotum úr ræðum, sem notuð eru með fréttum.